

Kaffiumsþjón

Sú skemmtilega hefð hefur skapast í Allegro að foreldrar sjá um veitingar á hóptímadögum. Þar gefst gott tækifæri fyrir foreldra, nemendur og kennara að spjalla saman og kynnast.

Hverri fjölskyldu er úthlutað kaffiumsþjón einu sinni yfir veturinn og deilir henni með öðrum fjölskyldum hverju sinni. Fjölskyldurnar bera ábyrgð á því að hafa samband hver við aðra t.d. með tölvupósti, til þess að skipuleggja kaffiumsþjónina; hvað á að bjóða uppá, á hvaða tíma hver og einn getur verið o.s.frv. Að meðaltali eru 4 fjölskyldur með umsýsningu hvern hóptímadag og algenzt er að skipta í tvær tveggja tíma vaktir. Viðvera miðast við þann tíma sem kennsla stendur yfir í hóptímum þ.e. frá 9:00 - 13:00. Einnig er hægt að nota Fésbókarsíðu foreldrafélagsins til samskipta séu foreldrar í þeim hópi.

<https://www.facebook.com/groups/allegro.foreldrafelag/>

Veitingarnar

Um 80 börn mæta í hóptíma ásamt foreldrum. Hafa skal í huga að veitingarnar eiga að vera hollar og sneiða skal hjá sätmeti.

Foreldrafélagið kaupir kaffi, te, g-mjólk og ávaxtasafa fyrir börnin við sérstök tilefni, annars er boðið upp á vatn að drekka.

Athugið að neysla matar og drykkjar er eingöngu leyfð á svæði Fóstbræðraheimilisins.

Hóptímasjóður

Foreldrar eru beðnir um að leggja til a.m.k. 100 kr. á mann í hóptímasjóðinn í hverjum hóptíma. Sjóðurinn er notaður til að kaupa drykki og annað sem til þarf. Foreldrafélagið sér um að taka við sjóðnum í lok dags.

Forföll

Ef fjölskylda hefur ekki tök á að vera í kaffiumsþjón á þeim degi sem hún fær úthlutað, skal hún skipta við aðra fjölskyldu um dag. Skipti þarf að tilkynna til foreldrafélagsins á netfangið: allegro.foreldrafelag@gmail.com

Með kveðju,
Foreldrafélag Allegro Suzukitónlistarskólans

Kaffiumsþjón - listi

Í upphafi kaffiumsþjónar:

- Inni í sal Fóstbræðra er að finna borð, frammi á gangi er gott að hafa tvö borð undir veitingarnar.
- Í Allegroeldhúsinu er glær plastkassi uppi á skáp merktur foreldrafélaginu. Í kassanum er te, kaffi, g-mjólk, dúkur á borðið, peningakarfan og þessi upplýsingablöð.
- Hella upp á kaffi: setja kaffi upp að c.a. 40% af filternum , 2,2 l af vatni (full glær plastkanna).
- Sjóða vatn fyrir te
- Hengja upp veggspjöldin á vegginn við borðið, annað spjaldið minnir á að fara ekki með veitingar fram eða inn í sal og hitt veggspjaldið minnir á sjóð foreldrafélagsins.
- Leggja allt á borð; veitingar, kaffi, g-mjólk, soðið vatn, tekassann og peningakörfuna. Plastglös, körfur og bakka má finna í Allegroeldhúsinu. Í Fóstbræðraeldhúsinu getum við fegið lánaðar vatnskönnur, vatnsglös, kaffibolla, kaffivél og annað ef þess þarf. Munum bara að ganga vel frá eftir okkur.
- Kveikja á uppþvottavélinni: Byrjað þarf á því að setja tappann í uppþvottavélina. Framan á vélinni eru 3 takkar í röð og þarf að ýta á takkana sem eru til hliðanna (ekki þann í miðjunni), þvottalögurinn er beintengdur við vélina. Vélina tekur c.a. 5 mínútur að þvo en hún er hávær og má því **ekki** setja hana í gang á meðan hóptímar/tónleikar eru í stóra salnum. Best er að setja uppþvottavélina í gang milli: 10:00-10:10, 10:55-11:00, 11:45-11:50 og eftir hádegistónleikana.

Annað:

- Viskustykki eru geymd í bala undir borðinu þar sem kaffivélin stendur.
- Kúst má finna í herbergi inn af Allegro eldhúsi og sópa þarf eftir daginn fóstbræðramegin, ganga svo aftur frá kústinum.

Í lok kaffiumsþjónar ætti að ganga frá öllu eins og komið var að um morguninn.